

Fundargerð samráðsnefndar um veikindarétt

Nefndina skipa fulltrúar sammingsaðila að samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga (LN) frá 24. október 2000 um tiltekin atriði (þ. á m. veikindarétt) er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum.

15. fundur

Fundur var haldinn í samráðsnefndinni þann 15. október 2009 hjá BHM í Borgartúni 6 og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mætt voru: Stefán Aðalsteinsson (BHM), Eiríkur Jónsson (KÍ), Sigurður Á. Friðþjófsson (BSRB), Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir (fjr.), Kristín Þóra Harðardóttir (RVK) og Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir (LN) sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Talning veikindadaga

Að frumkvæði fulltrúa KÍ var rætt um túlkun og framkvæmd á gr. 2.2.1 um rétt til launaðra veikindadaga í samkomulagi nefndra heildarsamtaka og vinnuveitenda á opinberum vinnumarkaði frá október 2000. Umræðan snerist um það hvernig haga beri talningu veikindadaga þegar starfsmaður hefur tæmt rétt sinn til launaðra veikindadaga, þ.e. hvort telji beri með þá daga sem viðkomandi er launalaus frá störfum vegna veikinda og hvað áhrif það hefur svo á veikindarétt hans síðar eftir að hann kemur aftur til starfa. Umræðan snerist þannig um það hversu lengi/fljótur starfsmaður er að endurnýja rétt sinn til veikindalauna eftir að hafa tæmt veikindarétt sinn.

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða en afstaða vinnuveitenda er og hefur verið sú að samkvæmt orðalagi greinarinnar beri að telja alla veikindadaga, jafnt launaða sem ólaunaða.

2. Erindi formanns SFR - stéttarfélags í almannajónustu

Á síðasta fundi nefndarinnar var tekið fyrir erindi frá formanni SFR, dags. 7. nóvember 2007, og ákveðið að afla frekari upplýsinga um atvik máls. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa fjármálaráðuneytis leiddi sú upplýsingaöflun í ljós ákveðna niðurstöðu varðandi veikindarétt viðkomandi sem var ágreiningslaus milli aðila.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:00.